

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga  
hins vegar

gera með sér eftirfarandi

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkunir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1. 4. 2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjali 1.

*Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. samningsforsendum í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.*

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023 56.000 kr.

#### 4. gr.

#### Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókun, verkáætlun, viðauka og fylgiskjali, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 13:00 þann 24. apríl 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 12. apríl 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra  
með fyrirvara um samþykki

*Kristín L. Árnadóttir ( sign.)*  
*Aldís Magnúsdóttir ( sign.)*  
*Atli Atlason ( sign.)*  
*Runólfur Birgir Leifsson ( sign.)*  
*Halldóra Friðjónsdóttir ( sign.)*  
*Stefaní S. Bjarnadóttir ( sign.)*

f.h. Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

*Guðbjörg Pálsdóttir ( sign.)*  
*Harpa Ólafsdóttir ( sign.)*  
*Eva Hjörtína Ólafsdóttir ( sign.)*  
*Ólöf Jóna Tryggvadóttir ( sign.)*  
*Katla María Berndsen ( sign.)*

Bókun og verkáætlun  
með samkomulagi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga  
hins vegar  
dags. 12. apríl 2023

### Bókun

Aðilar eru sammála um að í samningnum hafi verið stigið skref í átt að leiðréttingu launatöflu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í næstu kjarasamningum skal stefnt að því að færa hana til upphaflegs horfs þannig að bil milli launaflokka verði 5% hlaðsett og bil milli þrepa 2,5% hliðsett.

### Verkáætlun

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélög líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Bakvaktir / skoðun á fyrirkomulagi bakvakta.	17. apríl 2023	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðningar í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er með fulltrúa á þessum vettvöngum.

Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Mat á verkefnum og skyldum hjúkrunarfræðinga og röðun þeirra til launa, gr. 1.2.1 og 11.3.1.	25. apríl 2023	31. ágúst 2023
Starfsumhverfi / framlenging á bókun 8.	25. apríl 2023	31. desember 2023

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Viðauki við samkomulag  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga  
hins vegar  
dags. 12. apríl 2023

Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í vaktavinnu, hjá þeim stéttarfélagum sem um það sömdu í síðustu kjarasamningum.

*Greinar 1.6.1 og gr. 1.6.2 breytast frá 1. apríl 2023 og verða svohljóðandi:*

## 1.6 Álagsgreiðslur - vaktaálag

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

33,33%	kl. 17:00 - 24:00	mánudaga - fimmtudaga
55,00%	kl. 17:00 - 24:00	föstudaga
65,00%	kl. 00:00 - 08:00	þriðjudaga - föstudaga
55,00%	kl. 08:00 - 24:00	laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
75,00%	kl. 00:00 - 08:00	laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
120,00%	kl. 00:00 - 24:00	stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

33,33%	kl. 17:00 - 24:00	mánudaga - fimmtudaga
45,00%	kl. 17:00 - 24:00	föstudaga
45,00%	kl. 00:00 - 08:00	mánudaga
33,33%	kl. 00:00 - 08:00	þriðjudaga - föstudaga
45,00%	kl. 00:00 - 24:00	laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
120,00%	kl. 00:00 - 24:00	stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársdag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

*Grein 2.6.10 breytist frá 1. apríl 2023 og verður svohljóðandi:*

## 2.6.10 Vaktahvati

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti.

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á hverju launatímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 42 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar

tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 15 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar til þess að njóta vaktahvata.

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

## Fylgiskjal 1

Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>
<b>0</b>		542.875							
<b>1</b>	452.947	464.271	475.594	486.918	498.241	509.566	520.889	532.213	543.536
<b>2</b>	470.051	481.803	493.553	505.305	517.056	528.808	540.558	552.310	564.061
<b>3</b>	488.009	500.210	512.409	524.610	536.810	549.010	561.210	573.411	585.610
<b>4</b>	506.866	519.538	532.209	544.881	557.552	570.225	582.896	595.568	608.239
<b>5</b>	526.666	539.833	552.999	566.166	579.332	592.500	605.665	618.833	631.999
<b>6</b>	548.997	562.722	576.446	590.172	603.896	617.622	631.346	645.071	658.795
<b>7</b>	573.153	587.482	601.810	616.140	630.468	644.797	659.125	673.454	687.783
<b>8</b>	597.741	612.685	627.628	642.572	657.515	672.459	687.402	702.346	717.289
<b>9</b>	623.558	639.147	654.736	670.325	685.913	701.503	717.091	732.681	748.269
<b>10</b>	650.666	666.934	683.199	699.467	715.732	732.000	748.266	764.533	780.799
<b>11</b>	680.914	697.938	714.960	731.984	749.006	766.029	783.051	800.075	817.097
<b>12</b>	714.538	732.402	750.264	768.129	785.991	803.855	821.718	839.582	857.444
<b>13</b>	749.843	768.590	787.335	806.082	824.827	843.574	862.319	881.066	899.811
<b>14</b>	786.912	806.585	826.257	845.931	865.603	885.276	904.948	924.622	944.293
<b>15</b>	825.835	846.482	867.127	887.774	908.418	929.065	949.710	970.357	991.002
<b>16</b>	866.705	888.374	910.040	931.709	953.375	975.044	996.710	1.018.379	1.040.045
<b>17</b>	909.618	932.360	955.099	977.840	1.000.579	1.023.321	1.046.060	1.068.802	1.091.541
<b>18</b>	954.676	978.544	1.002.409	1.026.277	1.050.143	1.074.011	1.097.876	1.121.744	1.145.610
<b>19</b>	1.000.037	1.025.039	1.050.039	1.075.041	1.100.040	1.125.042	1.150.042	1.175.044	1.200.043
<b>20</b>	1.046.346	1.072.506	1.098.663	1.124.823	1.150.980	1.177.140	1.203.297	1.229.457	1.255.614
<b>21</b>	1.094.969	1.122.344	1.149.717	1.177.093	1.204.465	1.231.841	1.259.214	1.286.589	1.313.962
<b>22</b>	1.146.024	1.174.676	1.203.325	1.231.977	1.260.626	1.289.278	1.317.927	1.346.579	1.375.228